









# Námskrá Mars 2024

Vellíðan—Virkni—Velferð

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
					1. Frjáls leikur	2.
3.	4. Listir og fínhyfingar  <b>Aþena Eyð 2 ára</b>	5. Tónlist og hreyfing	6. <b>Ömmu og afa heimsókn</b> 	7. Opið á milli svæða	8. Frjáls leikur	9.
10.	11. Listir og fínhyfingar 	12. Tónlist og hreyfing	13. Mál og skynörvun	14. <b>Náttfatapartý</b> 	15. <b>Skólinn lokar kl. 12:00 v/ starfsmannafundar</b>	16.
17.	18. Listir og fínhyfingar <b>Páskaverkstæði</b>	19. Tónlist og hreyfing <b>Páskaverkstæði</b>	20. Mál og skynörvun <b>Páskaverkstæði</b>	21. Opið á milli svæða <b>Páskaverkstæði</b>	22. Frjáls leikur <b>Páskaverkstæði</b>	23.
24. Pálmasunnudagur	25. Skráningardagur	26. Skráningardagur  <b>Nóel 2 ára</b>	27. Skráningardagur	28. <b>Skírdagur skólinn lokaður</b>	29. <b>Föstudagurinn langi Skólinn lokaður</b>	30. 31. Páskadagur 

# Fréttir Kot

## Ömmu og afa heimsókn

Þann 6. mars bjóðum við ömmum og öfum að heimsækja barnabörn sín í leikskólann. Við verðum með opið hús frá kl 9:00-10:00. Ömmur og afar geta þá komið og leikið með okkur. Saman munum við eiga góða stund. Ef afi og/ eða amma komast ekki þá væri gott ef foreldri eða frænka/frændi mæti í staðinn svo öll börnin fái heimsókn.

## Náttfatapartý

Fimmtudaginn 14. mars höldum við náttfatapartý í skólanum. Börnin mæta þá í náttfötum og geta haft með sér bangsa ef þau vilja. Við munum svo slá upp dansballi og hafa kósý.

## Skólinn lokar kl. 12:00

Athugið að skólinn lokar kl. 12:00 föstudaginn 15. mars vegna starfsmannafundar.

## Páskaverkstæði

Víkuna 18.-22. mars verður boðið uppá ýmiskonar skemmtilegt föndur fyrir páskana.

## Skráningardagar

Dagarnir 25.– 27. mars eru skráningardagar og eingöngu fyrir þau börn sem foreldrar hafa sérstaklega skráð í skólavist þá daga.

**Sumarlokun  
Hulduheima 2024 er frá  
8. júlí – 2. ágúst**

## Foreldraboðorð

### **6. boðorð—Haltu þig við grunnatriðin**

Börn fæðast ekki full af mannkostum eða með fullproskaða siðferðisvitund. Þau þurfa tíma til að læra. Byrjið ekki með háar væntingar eða miklar kröfur. Kennið grunnatriði eins og vingjarnleika, heiðarleika og ábyrgð. Þegar börnin vaxa úr grasi beinið þá sjónum þeirra að þrautseigju, þrúðmennsku og réttlæti. Hjálpið þeim að byggja mannkosti á traustum grunni.

## Málörvun

Móðurmálið er dýrmætasta eign okkar sem þarf að rækta. Það er vinnutæki okkar allra, hvar sem þeir starfa. Þess vegna erum við að leggja grunninn að farsæld barnsins með því að lesa og tala við ung börn á hverjum degi. Barn þarf að heyra hljóm málsins og áherslur. Rannsóknir sýna að því meira sem að lesið er fyrir börn eiga þau auðveldar með að orða hugsanir sínar og langanir.

## Lífsleikni

### **6. Markmið: Að börnin læri að þekkja tengslin milli orsaka og afleiðinga**

Að læra að þekkja tengslin milli orsakar og afleiðingar tekst best með því að taka virkan þátt í hinu daglega lífi. Við getum æft börnin í að finna tengsl milli orsaka og afleiðinga með því að hafa umræðuhópa og heimspekistundir, þar sem lesnar eru bækur sem taka á ákveðnum málum eða með frásögn af atburðum. Foreldrar geta gert þetta með því að spyrja barnið sitt spurninga sem krefjast umhugsunar. Hvað gerist ef ég geri þetta? Hvað gerist ef þú ferð núna? Við þurfum að hafa í huga að umbun og viðurlög séu í samræmi við verk.



Lífsleikni

**Gleðilega páska!  
Njótið samverunnar**



**Kveðja,  
Starfsfólk Hulduheimum Koti**